

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fyrsta ársfjórðungi 2004

Á fyrsta fjórðungi ársins var halli á viðskiptum við útlönd 13 milljarðar króna samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabanka Íslands. Á sama tíma í fyrra var viðskiptahallinn 2,7 milljarðar króna. Vöruviðskipti voru hagstæð um 0,3 milljarða króna en 5 milljarða króna halli var á þjónustuviðskiptum við útlönd. Halli á þáttatekjum við útlönd var 8,1 milljarður króna á fyrsta ársfjórðungi 2004 samanborið við 6,1 milljarðs króna halla á sama tíma í fyrra. Á föstu gengi¹ jókst útflutningur vöru og þjónustu um 4,1% en innflutningur jókst um 17,1% frá sama tímabili árið áður.

Hreint fjárinnstreymi mældist 23,6 milljarðar króna á fyrsta fjórðungi ársins. Erlendrar lántökur nettó voru 83,2 milljarðar króna sem skýrist af skuldabréfaútgáfu í Evrópu en önnur erlend lán lækkuðu á sama tíma. Bein fjárfesting erlendra aðila á Íslandi var 6,4 milljarðar króna. Fjárárstreymi vegna erlendra verðbréfakaupa nam 24,8 milljörðum króna og 9,7 milljörðum króna vegna beinna fjárfestinga erlendis. Aðrar fjárfestingar voru 24,1 milljarður króna, einkum útlán bankanna til erlendra aðila sem hafa aukist mikið á síðustu árum og nema nú um 165 milljörðum króna. Gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands jókst um 7,5 milljarða króna á fyrsta fjórðungi ársins og nam hann 66,7 milljörðum króna í lok mars 2004.

Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna

<i>Ársfjórðungar:</i>	<i>I.</i>	<i>II.</i>	<i>III.</i>	<i>IV.</i>	<i>I.</i>
	<i>2003</i>	<i>2003</i>	<i>2003</i>	<i>2003</i>	<i>2004</i>
Viðskiptajöfnuður	-2,7	-16,9	-12,7	-11,1	-13,0
Útflutningur vöru og þjónustu	71,1	68,1	79,7	68,9	72,8
Innflutningur vöru og þjónustu	-67,3	-78,3	-87,4	-78,5	-77,5
Þáttatekjur og framlög, nettó	-6,5	-6,7	-5,1	-1,5	-8,3
Fjármagnsjöfnuður	8,0	14,9	8,9	2,4	23,6
Fjármagnshreyfingar án forða	8,2	15,0	18,6	16,1	31,1
Erlendar eignir, nettó	-16,1	-49,7	-26,4	-114,6	-58,6
Erlendar skuldir, nettó	24,3	64,7	45,1	130,7	89,6
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-0,2	-0,0	-9,6	-13,6	-7,5
<i>Skekkiur og vantalíð, nettó</i>	<i>-5,3</i>	<i>2,0</i>	<i>3,8</i>	<i>8,8</i>	<i>-10,5</i>

¹ Viðskiptavegin gengisvísitala var 1,7% lægri á fyrsta fjórðungi 2004 en á sama tímabili árið áður.

Erlendar skuldir þjóðarinnar voru 591 milljarður króna umfram eignir í lok mars sl. og hafði skuldastaðan hækkað frá ársbyrjun um ríflega 33 milljarða króna. Ítarlegri upplýsingar um greiðslujöfnuðinn við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins er að finna í meðfylgjandi töflum ásamt endurskoðuðum tölum fyrra árs. Endurmetinn viðskiptahalli 2003 var 43,4 milljarðar króna og fjárinnstreymið mældist 34,1 milljarðar króna á árinu 2003.

Mánudaginn 7. júní 2004 mun birtast töfluyfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu í hagtölum Seðlabankans á heimasíðu hans (www.seðlabanki.is). Einnig birtist yfirlit um erlendar skuldir þjóðarinnar í samræmi við birtingastaðal Alþjóðagjaldeyrissjóðsins Þar eru erlendar skuldir flokkaðar eftir helstu lántakendum, tímalengd og lánsformum.

Nánari upplýsingar veitir Jakob Gunnarsson, deildarstjóri á tölfræðisviði Seðlabanka Íslands, í síma 569-9600.

GREIÐSLUJÖFNUÐUR VIÐ ÚTLÖND

Í milljónum króna	Janúar - desember		Janúar - mars		Breyting ¹ frá fyrra ári
	2002	2003	2003	2004	
Viðskiptajöfnuður	-2.221	-43.440	-2.700	-13.048	
Útflutningur vöru og þjónustu	308.802	287.811	71.143	72.767	4,1%
Innflutningur vöru og þjónustu	-292.909	-311.520	-67.337	-77.491	17,1%
Þáttatekjur og framlög, nettó	-18.114	-19.731	-6.506	-8.324	30,2%
Vöruskiptajöfnuður	14.082	-15.901	6.668	267	
Útfluttar vörur f.o.b.	204.303	182.580	49.213	50.893	5,2%
Innfluttar vörur f.o.b.	-190.221	-198.481	-42.545	-50.626	21,1%
Þjónustujöfnuður	1.811	-7.808	-2.862	-4.991	
Útflutt þjónusta alls	104.499	105.231	21.930	21.874	1,5%
Samgöngur	51.685	51.310	10.640	12.623	20,7%
Ferðalög	22.835	24.531	3.015	3.398	14,7%
Önnur þjónusta	29.979	29.390	8.275	5.853	-28,0%
Innflutt þjónusta	-102.688	-113.039	-24.792	-26.865	10,3%
Samgöngur	-39.321	-40.006	-9.281	-10.447	14,5%
Ferðalög	-33.406	-39.818	-7.308	-9.167	27,6%
Önnur þjónusta	-29.961	-33.215	-8.203	-7.251	-10,1%
Þáttatekjur, nettó	-19.284	-18.565	-6.097	-8.067	
Tekjur	17.111	17.180	3.968	4.913	26,0%
Laun	5.417	6.236	1.529	1.534	2,1%
Vextir og ávöxtun hlutafjár ²	11.694	10.944	2.439	3.379	41,0%
Gjöld	-36.395	-35.745	-10.065	-12.980	31,2%
Laun	-702	-465	-138	-229	68,9%
Vextir og ávöxtun hlutafjár ²	-35.693	-35.280	-9.927	-12.751	30,7%
Rekstrarframlög	1.170	-1.166	-409	-257	
Fjármagnsjöfnuður	11.540	34.082	7.432	23.576	
Fjárframlög, nettó	-122	-402	51	9	
Fjármagnshreyfingar ³	11.662	34.484	7.381	23.567	
Hreyfingar án forða	17.326	57.885	7.606	31.079	
Bein fjárfesting, nettó	-9.188	-1.236	8.177	-3.282	
Innlendra aðila erlendis	-19.945	-12.778	-601	-9.694	
Erlendra aðila á Íslandi	10.757	11.542	8.778	6.412	
Verðbréfavíðskipti, nettó	22.159	235.995	14.549	97.727	
Erlend verðbréf	-30.017	-45.320	-7.807	-24.776	
Hlutafé	-25.735	-40.579	-7.181	-23.936	
Skuldaskjöl	-4.282	-4.741	-626	-840	
Innlend verðbréf	52.176	281.315	22.356	122.503	
Hlutafé	1.521	-2.598	-2.455	-475	
Skuldaskjöl	50.655	283.913	24.811	122.978	
Annað fjármagn, nettó	4.355	-176.874	-15.120	-63.366	
Eignir	-30.426	-148.744	-7.677	-24.079	
Skuldir	34.781	-28.130	-7.443	-39.287	
Gjaldeyrisforði	-5.664	-23.401	-225	-7.512	
Skekkjur og vantalíð	-9.319	9.358	-4.732	-10.528	

1) Breytingin er reiknuð á föstu gengi m.v. meðalgengisvísitölu krónunnar.

2) Arðgreiðslur af hlutafé og endurfjárfestur hagnaður í beinni fjárfestingu.

3) Neikvætt formerki táknar fjárútreymi vegna eignaaukningar eða skuldalækkunar.

ERLEND STAÐA ÞJÓÐARBÚSINS

<i>Staða í lok tímabils í ma.kr.:</i>	<i>2000</i>	<i>2001</i>	<i>2002</i>	<i>2003</i>	<i>Mars 2004*</i>
I. Erlendar eignir, alls	315,8	421,1	397,2	656,2	722,4
1 Bein fjárfesting erlendis	56,2	86,7	89,6	98,1	102,3
11 Eigið fjármagn	41,0	66,6	70,7	79,2	81,6
12 Lán til tengdra félaga	15,2	20,2	18,9	18,9	20,8
2 Erlend markaðsverðbréf	186,3	202,5	159,3	241,7	269,0
21 Hlutafé	179,7	188,0	148,9	226,1	252,6
22 Skuldaskjöl	6,6	14,6	10,4	15,5	16,3
221 Skuldabréf	3,6	11,8	9,6	15,1	16,1
222 Peningabréf	3,0	2,8	0,8	0,4	0,2
223 Afleiður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
3 Aðrar fjáreignir en forði	39,1	95,2	111,1	258,3	284,3
4 Gjaldeyrisforði	34,2	36,6	37,2	58,1	66,7
II. Erlendar skuldir, alls	764,5	1.007,7	963,8	1.214,4	1.313,6
1 Bein fjárfesting á Íslandi	41,5	69,5	61,5	62,5	66,5
11 Eigið fjármagn	33,1	63,7	56,6	52,2	56,2
12 Lán frá tengdum félögum	8,5	5,9	4,9	10,3	10,3
2 Innlend markaðsverðbréf	346,7	468,0	468,3	754,7	877,5
21 Hlutafé	1,2	5,6	7,9	5,9	5,8
22 Skuldaskjöl	345,5	462,4	460,4	748,8	871,7
221 Skuldabréf	299,2	379,4	388,4	619,1	739,8
222 Peningabréf	46,3	83,0	72,0	129,7	131,9
223 Afleiður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
3 Aðrar erlendar skuldir	376,2	470,2	434,1	397,2	369,5
31 Löng lán	289,0	377,0	296,2	251,5	246,2
32 Skammtímaskuldir	87,2	93,2	137,9	145,7	123,3
III. Hrein staða við útlönd	-448,7	-586,6	-566,6	-558,2	-591,2
1. Áhættufjármagn nettó	193,1	199,6	169,2	255,8	282,7
2. Skuldabréf, lán o.fl., nettó	-641,8	-786,2	-735,8	-814,0	-873,9
21 Seðlabankinn	18,6	21,7	20,8	58,1	66,5
22 Hið opinbera	-167,4	-239,6	-226,9	-218,6	-223,7
23 Innlánsstofnanir	-329,5	-377,4	-368,0	-483,0	-554,0
24 Aðrir geirar	-163,4	-191,0	-161,7	-170,6	-162,7
<i>Gengi Bandaríkjadals</i>	<i>84,47</i>	<i>102,95</i>	<i>80,58</i>	<i>70,99</i>	<i>72,16</i>
IV. Skuldahlutföll: ¹					
11 Hrein staða þjóðarbúsins	-63,8	-75,7	-78,5	-70,4	-68,7
12 Hrein skuldastaða ²	91,3	101,5	101,9	102,6	101,6
13 Erlend skuldastaða ³	102,6	120,3	123,9	144,5	144,2
131 þ.a. langtímaskuldir	83,6	97,6	94,8	109,7	114,6

*) Bráðabirgðatölur

1) Verg landsframleiðsla er reiknuð til sambærilegs gengis og erlend skuldastaða í lok tímabils.

2) Hrein skuldastaða (skuldir að fráregnum eignum) án áhættufjármagns (bein fjárfesting og hlutafé).

3) Verg skuldastaða án áhættufjármagns.